

- 16
1. febr.
3. Þakjárn, smíðajárn, steypustyrktarjárn: kr. 1.40 hver 100 kg.
 4. Kornvara, kaffi, sykur, fóðurmjöl, hey: kr. 1.00 hver 100 kg.
 5. Veiðarfæri (línuverk, snurpinætur o. fl.): kr. 1.00 hver 100 kg.
 6. Aðrar vörur, sem venja er að reikna eftir þyngd: kr. 1.50 hver 100 kg.
 7. Timbur: kr. 0.10 hvert teningsfet.
 8. Aðrar vörur, sem venja er að reikna eftir rúmmáli: kr. 0.15 hvert ten.fet.
 9. Tómar tunnur og föt, uppsett eða óuppsett: kr. 0.25 hvert.
- c. Útfluttar vörur:
1. Saltsíld, matéssíld, kryddsíld, sérverkuð síld: kr. 0.75 hver tunna.
 2. Saltfiskur og verkaður fiskur: kr. 1.20 hver 100 kg.
 3. Lýsi: kr. 1.50 hvert fat.
 4. Kjöt: kr. 2.00 hver 100 kg.
 5. Ull: kr. 2.50 hver 100 kg.
 6. Gærur: kr. 2.00 hver 100 kg.
 7. Fiskimjöl: kr. 0.45 hver 100 kg.
 8. Hraðfrystur fiskur: kr. 1.80 hver 100 kg.
 9. Ísaður fiskur (fiskkaupaskip): kr. 0.45 hver 100 kg.
 10. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd: kr. 1.00 hver 100 kg.
 11. Stórgripir: kr. 5.00 hver gripur.
 12. Sauðfé og geitfé: kr. 0.50 hver gripur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

17
3. febr.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 61 18. júlí 1928, sbr. auglýsingu nr. 79 26. maí 1942.

1. gr.

- 10.—13. flokkur 33. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:
10. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hverja tunnu:
Kverkuð og hausskorin síld og matéssíld.
11. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hverja tunnu:
Öll önnur síld í tunnum.
12. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hvert mál:
Öll síld til bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðarkaupstaðar eða í skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins.
13. flokkur. Gjald 50 aurar af hverjum grip eða dýri:
Nautgripir, sauðfé, hestar, geitur, loðdýr.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 17 1944, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem 3. febr. hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

18

3. febr.

fyrir Hvammstangakauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn nær yfir skipalægi meðfram strandlengju Hvammstangahrepps, þ. e. frá línu um bæina Mörk og Grænahvamm að norðan, og að norðurenda Vallna-höfða að sunnan.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Yfirstjórn hafnarinnar er í höndum hreppsnefndar Hvammstangahrepps og hafnarnefndar, sem skipuð er 3 mönnum kosnum af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps til þriggja ára, og gengur einn úr nefndinni á ári, fyrst eftir hlutkesti.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála, og eftirlit með höfninni, undir yfirstjórn hreppsnefndar, sér um viðhald á mannvirkjum og annast fjárhald og reikningsskil fyrir hönd Hvammstangahrepps. Hafnarnefnd kys sér sjálf formann, og er hann hafnarstjóri. Hafnarnefnd ákveður laun hafnarstjóra og setur honum erindisbréf. Heimilt er hafnarstjóra að láta annan gegna störfum sínum, ef hafnarnefnd samþykkir.

4. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Hvammstangahrepps. Skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum þeim, sem henni heyra til, svo og rekstur og viðhald þeirra. Hreppsnefnd Hvammstangahrepps veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber Hvammstangahreppur ábyrgð á eignum hans.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum Hvammstangahrepps og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á bryggjum hennar. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna er hafn-